

Föstudaginn 21. maí 1943.

Nr. 28/1943. **Ólafur Þórarinnsson**
 gegn
Mogens L. Andersen.

Dómur hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Ólafur Þórarinnsson, er eigi mætir í málinu, greiði 50 króna aukagjald til rikissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Mánudaginn 24. maí 1943.

Nr. 85/1942: **Valdstjórnin** (Lárus Jóhannesson)
 gegn
Ásgeiri Magnúsi Ásgeirssyni
 (Guðmundur Í Guðmundsson).

Ólögleg notkun talstöðvar skips.

Dómur hæstaréttar.

Héraðsdóm hefur upp kveðið Sigfús M. Johnsen, bæjarfógeti í Vestmannaeyjum.

Eftir uppkvaðningu héraðsdóms hafa þeir Friðrik Ólafsson, forstöðumaður Stýrimannaskólans, og M. E. Jessen, forstöðumaður Vélstjóráskólans, verið dómkvaddir til þess að láta í ljós álit sitt á því, hvort sú hætta hafi vofað yfir skipi kærða, að honum hafi verið rétt að rjúfa innsigli talstöðvar þess. Er það skoðun þeirra, að skipið hafi þá ekki verið statt í neyð né yfirvofandi háska. Með þessari athugasemd þykir mega staðfesta hinn áfrýjaða dóm, þó svo, að greiðslufrestur sektarinnar ákveðst 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Eftir þessum málsúrslitum ber ákærða að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun skipaðs sækjanda og verjanda í hæstarétti, 300 krónur til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður, þó svo, að greiðslufrestur sektarinnar ákveðst 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Kærði, Ásgeir Magnús Ásgeirsson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda í hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Lárusar Jóhannessonar og Guðmundar Í. Guðmundssonar, 300 krónur til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur lögregluréttar Vestmannaeyja 4. apríl 1942.

Mál þetta er höfðað af valdstjórnarinnar hálfu gegn Ásgeiri Magnúsi Ásgeirssyni, Fífilgötu 5 hér, fyrir brot gegn reglugerð nr. 200 frá 1040, shr. reglugerð nr. 36 1941 og sérreglur nr. 37 1941, shr. lög nr. 30 1941.

Málavextir eru þessir samkvæmt eigin játningu kærða og því, sem upplýst er í málinu.

Um miðjan marzmánuð síðastliðinn var kærði í máli þessu, Ásgeir Magnús Ásgeirsson skipstjóri, á heimleið frá Englandi á skipi sínu, v/s Helgi VE. 333. Hafði skipið lagt af stað frá Englandi 16. marz s.l.

Vél skipsins var í góðu lagi, þar til 19. f. m. kl. 15, að 1. vélstjóri tilkynnir skipstjóra, að þrýstilegan gangi mjög heit, og mikið urg heyrir í henni. Taldi fyrsti vélstjóri, að þrýstilegan væri biluð. Hitinn og urgið í þrýstilegunni ágerðist svo, að kl. 16 er legan orðin svo heit, eftir því sem vélstjóri tjáði skipstjóra, að búast mætti við, að vélin stöðvaðist á hverri stundu vegna bilunarinnar í legunni.

Kl. 16.40 rauf skipstjóri innsigli talstöðvar skipsins og sendi Helga Benediktssyni kaupmanni, eiganda v/s Helga, svohljóðandi skeyti: „Helgi Benediktsson, Vestmannaeyjum, útvegaðu með ferðinni í kvöld þrýstilegu með öllu tilheyrandi nr. 6499 (stop), Ef ekki fánleg, þá nr. 5501 Ásgeir Ásgeirsson.“

Kærði heyrði ekki í Vestmannaeyjum, en náði sambandi við Sæbjörgu í Garðsjó, og tilkynnti hún kærða, að Vestmannaeyjastöðin hefði heyrt skeytið.

Kvöldið áður hafði kærði heyrt í íslenzka útvarpinu, að ferð yrði frá Reykjavík til Vestmannaeyja fimmtudagskvöldið næstk. og hafi hann talið sér bráðnauðsynlegt að nota þessa ferð til þess að fá sér varastykki frá Reykjavík, svo unnt væri að gera við leguna.

Eftir þetta var ferðinni haldið áfram, ágerðist hiti legunnar ekki

meira, og var komið til Vestmannaeyja kl. 10 föstudaginn 20. þ. m. Áður en vart varð við umræddan hita í legunni, var hraði skipsins $8\frac{1}{2}$ — $8\frac{3}{4}$ sjóm. á klst., en eftir að hitunin átti sér stað, var ferðin $7\frac{1}{2}$ —8 sjóm. á klst.

Leiðarabók skipsins og véladagbók hafa báðar reynzt vel og skipulegar færðar. Er í leiðarabókinni getið um ástæðurnar fyrir því, að kærði rauf innsigli talstöðvarinnar.

Vitnin Helgi Ó. Þorsteinsson og Ágúst Ó. Ólafsson, er leidd hafa verið í máli þessu, hafa borið, að kærði hafi rofið innsigli talstöðvarinnar í umrætt skipti og notað hana eins og að framan segir.

Með eigin játningu kærða og samhljóða framburði 2ja ofangreindra vitna er það sannað, að kærði hefur rofið innsigli talstöðvar v/s Helga VE. 333 þ. 19. f. m. og sent skeyti gegnum stöðina. Veður var gott, er þetta var gert, og skipið átti eigi langt ófarið í höfn, og virðist allt hafa verið í góðu lagi að öðru leyti um borð í skipinu, annað en ummrædd lega. Hraði skipsins hafði aðeins minnkað lítið eitt við umrædda bilun á þrýstilegunni, enda komst skipið klakklaust og án aðstoðar til Vestmannaeyja morguninn eftir, að hitinn tók að ágerast í þrýstilegunni og innsigli talstöðvarinnar var rofið.

Rétturinn verður samkvæmt ofansögðu að lita svo á, að ekki hafi verið fyrir hendi, það neyðarástand, er heimilaði kærða að rjúfa innsigli talstöðvarinnar og senda gegnum hana umrætt skeyti.

Kærði hefur árið 1940 undirgengizt að greiða 150 kr. sekt fyrir brot gegn tolllögunum.

Með framangreindum verknaði hefur kærði að réttarins áliti gerzt brotlegur gegn 1. gr. 1. mgr. reglugerðar nr. 200 frá 1940, sbr. rgl. nr. 36 frá 1941, sérreglum nr. 37 frá 1941, en refsinguna ber að ákveða samkv. 4. gr. reglugerðar nr. 200 frá 1940, sbr. lög nr. 30 frá 1941, 10. og 27. gr. 8. l., og þykir hún hæfilega ákveðin 500 kr. sekt til ríkissjóðs, er afplánist með 15 daga varðhaldi, verði sektin eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Þá greiði kærði af málinu allan löglega leiddan og leiðandi kostnað.

Á máli þessu hefur enginn óparfa dráttur orðið.

Því dæmist rétt vera:

Kærði, Ásgeir Magnús Ásgeirsson, greiði 500 kr. sekt í ríkissjóð, og komi 15 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Kærði greiði allan af máli þessu löglega leiddan og leiðandi kostnað.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.